

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 135/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2002 frá 12. júlí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að útvíkka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til ákvörðunar ráðsins 2001/792/EB, KBE frá 23. október 2001 um að koma á bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna <sup>(2)</sup>.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist frá 1. janúar 2003.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 10. gr. (almannavarnir) í bókun 31 við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7.

1. Eftirfarandi komi í stað textans í 5. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í aðgerðaáætlunum bandalagsins og kerfum sem um getur í 8. mgr.“

2. Í 6. og 7. mgr. komi orðin „aðgerðaáætlanir bandalagsins og kerfi“ í stað orðanna „aðgerðaráætlanir bandalagsins“

3. Eftirfarandi komi í stað textans, en ekki undirliðanna, í 8. mgr.:

„Eftirfarandi gerðir bandalagsins svo og gerðir sem af þeim leiða falla undir þessa grein:

a) Gerðir bandalagsins sem öðlast gildi fyrir eða þann 1. janúar 2000:“

4. Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir undirgrein a) í 8. mgr.

„b) Gerðir bandalagsins sem öðlast gildi fyrir eða þann 1. janúar 2003:

- **32001 D 0792**: Ákvörðun ráðsins 2001/792/EB, KBE frá 23. október 2001 um að koma á bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna (Stjtið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkin skulu beina tilkynningum samkvæmt b-lið 1. mgr. 2. gr. til framkvæmdastjórnarinnar.“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2003.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.